

Nd.

585. Frumvarp til laga

um áburðarverksmiðju.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Reisa skal verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu köfnunarefnisáburðar úr vatni og lofti aðallega, svo og áburðarblandna úr honum. Vinnslugeta verksmiðjunnar sé miðuð við það að fullnægja þörfum landsins af þessum áburðarefnum og jafnframt höfð hliðsjón af þörfum þess af þeim hráefnum, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar. Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar verksmiðjunnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni með ábyrgð ríkissjóðs. Verksmiðjan skal ávaxta og endurgreiða slík lán að svo miklu leyti sem það verður ekki gert með fjárframlögum úr ríkissjóði.

Fjárframlag ríkissjóðs nær og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega orku til vinnslunnar, hvort heldur er með því að reisa orkuver vegna hennar eða tryggja henni orku með öðru móti.

2. gr.

Áburðarverksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja nema með sérstöku lagabóði.

3. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð 3 mönnum. Búnaðarfélag Íslands og Samband íslenskra samvinnufélaga tilnefna sinn manninn hvort, en landbúnaðarráðherra skipar hinn þriðja án tilnefningar, og er hann formaður. Kjörtímabil stjórnarinnar er 4 ár.

4. gr.

Verksmiðjustjórnin hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Landbúnaðarráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

5. gr.

Fyrsta stjórn verksmiðjunnar ákveður, hvar hún skuli reist, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum.

Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun til þeirra að fengnum tillögum stjórnarinnar.

8. gr.

Áburðarsala ríkisins kaupir af áburðarverksmiðjunni framleiðslu hennar fyrir kostnaðarverð að viðbættum nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningar- og varasjóð verksmiðjunnar. Skal áburðarsalan gefa verksmiðjustjórn til kynna í tæka tíð áætlað áburðarmagn, sem framleiða þurfi hvert ár.

9. gr.

Verksmiðjan greiðir $\frac{1}{2}\%$ af kostnaðarverði framleiðslunnar hvert ár til þess sveitarfélags, sem hún er rekin í, þó ekki yfir 25% af útsvörum hlutaðeigandi sveitarfélags. Aldrei má þó leggja hærra útsvar á verksmiðjuna en nemur 50% af nettótekjum hennar, miðað við sama áburðarverð eins og sömu tegundir mundu kosta keyptar á erlendum markaði og að fráðregnum tillögum til sjóða, sbr. 10. gr. Að öðru leyti er verksmiðjan undanþegin öllum sköttum og gjöldum til sveitar-sjóðs og ríkissjóðs.

10. gr.

Framlag verksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári:

- a. Til varasjóðs 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.
- b. Til fyrningarsjóðs 2% af fasteignamati húss, lóða og annarra mannvirkja og $7\frac{1}{2}\%$ af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.

11. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti fram farið fyrir lok aprilmánaðar ár hvert.

Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra, og áritaðir af endurskoðendum.

Reikningana skal árlega birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun á verksmiðjunni setur landbúnaðarráðherra með reglugerð að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

Bráðabirgðaákvæði.

Áður en byrjað er á byggingu verksmiðjunnar, skal ríkisstjórnin tryggja nægilega raforku til vinnslunnar. Einnig láti hún gera nákvæmar áætlanir um stofnkostnað og rekstrarkostnað fyrirtækisins. Að loknum þessum undirbúningi sé verksmiðjustjórnin kosin, og sér hún um framkvæmd verksins.